



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Breytingar á lögreglulögum o.fl. (skipulagsbreytingar). DMR26060008.
Ráðuneyti	Dómsmálaráðuneytið
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	24. júní 2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

Frummat áhrifa er unnið samhliða gerð áformaskjals. Breytingar sem fyrirhugað er að ráðast í vegna skipulagsbreytinga á lögregluembættum eru ekki að fullu útfærðar. Við ritun frumvarpsins, sem verður lagt fram á næsta löggjafarþingi, verður gerð ítarleg kostnaðargreining þar sem umfang breytinga, áhrif og tímasetning þeirra verður metin. Við gerð áforma um lagasetningu var unnin frumgreining á fjárhagsáhrifum fyrirhugaðra breytinga. Forsendurnar eru þær að skipulagsbreytingarnar auki faglega samlegð og skilvirkni í störfum og að fjárveitingar til lögreglu nýtist með betri hætti, m.a. vegna aukinnar hagræðingar þegar kemur að innkaupum, stafrænni þróun og ýmiss konar miðlægri þjónustu. Niðurstaða hennar bendir til þess að til lengri tíma litið geti rekstrarhagræðing átt sér stað og því er gert ráð fyrir að fjárhagsáhrifin leiði með tímanum til varanlegrar lækkunar á útgjöldum málaflokksins. Þeirri hagræðingu verði varið í samræmi við meginmarkmið breytinganna, til að efla löggæslu og ná fram umbótum og aukinni skilvirkni svo lögreglan geti betur sinnt lögbundnum skyldum með stærri liðsheild og hagkvæmari rekstrareiningum. Gert er þó ráð fyrir að með sameiningu lögregluembættanna falli til einskiptiskostnaður sem fylgir umfangsmiklum skipulagsbreytingunum og sameiningu stofnana. Ber þar m.a. að nefna kostnað við skjalafrágang, merkingar, stimpla o.fl. Þeim kostnaði verður mætt innan fjárhagsramma málaflokksins.

2. Tekjubreytingar.

Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á tekjuhlíð ríkissjóðs

3. Útgjaldabreytingar.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi jákvæð fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð, þó með þeim hætti að áhrifin skili sér ekki fyrr en nokkrum árum eftir að skipulagsbreytingarnar hafa gengið eftir. Verði fyrirhugað frumvarp að lögum er gert ráð fyrir að breytingar leiði til aukinnar skilvirkni og faglegrar samlegðar í störfum lögreglunnar og að fjárveitingar til lögreglu nýtist fyrir vikið með betri hætti. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáhrif vegna breytinga starfa í yfirstjórn og skilvirkni í störfum skili sér að hluta árin eftir gildistöku laganna. Áformin miða við að þeirri hagræðingu verði varið í að styrkja og efla lögregluna í heild, þ. á m. með fjölgun lögreglumanna, ásamt því að fjármagna frekari uppbyggingu og framþróun lögreglunnar.

Reiknað er með að aukin útgjöld sem fylgja skipulagsbreytingunum, hvort sem um ræðir varanleg útgjöld eða einskiptiskostnað, svo sem vegna biðlauna, skjalafrágangs, ráðgjöf o.fl., verði fjármagnað af fjárheimildum málaflokksins. 4. Eignabreytingar. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi áhrif á eignastöðu ríkissjóðs. 5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar hafi önnur áhrif á ríkisútgjöld en þeirra sem er fjallað um í lið 1. hér að framan.
B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun 1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins: Eins og fram kemur í kafla A. hér að framan, verður einskiptiskostnaði vegna fyrirhugaðra breytinga mætt innan fjárhagsramma málaflokksins. Ekki er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu vegna fyrirhugaðra breytinga. 2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? Sjá umfjöllun í lið nr. 1. hér að framan. 3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? Nei.
C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni Fyrirhugaðar breytingar munu hvorki hafa efnahagsáhrif á atvinnulíf, vinnumarkað né samkeppni þannig að hafa þurfi í huga hagstjórnarsjónarmið, fyrirtækjaeftirlit, reglubyrði o.fl.
D. Önnur áhrif 1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Frumvarpið er ekki talið hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin. 2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi). Fyrirhugað frumvarp hefur ekki efnisleg áhrif á veitingu þjónustu. 3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000. 4. Áhrif á byggðalög. Frumvarpið er ekki talið leiða til neikvæðra áhrifa á byggðalög þar sem miðað er við að starfsemi lögreglunnar á landsbyggðinni verði með óbreyttum hætti og leitast verði við að efla lögregluna í heild með sameiningum og fækkun embætti. Gert er ráð fyrir að starfsstöðvar á landsbyggðinni haldist óbreyttar og stærri og öflugri embætti geti í auknum mæli skapað tækifæri til starfsþróunar, sérhæfingar og framgangs innan sama embættis. Þannig geti breytingarnar stuðlað að því að halda betur í hæft starfsfólk í héraði og styrkt löggæslu utan stærstu þéttbýlissvæða með því að draga úr hvata til að flytjast yfir í stærri embætti til að sækja sér starfsþróunartækifæri. Til framtíðar litið má ætla að áhrif frumvarpsins geti orðið jákvæð þar sem áhrifin verði öflugri löggæslu og faglegri samlegð. 5. Áhrif á frjáls félagasamtök. Ekki gert ráð fyrir áhrifum á starfsemi frjálsra félagasamtaka. 6. Áhrif á jafnrétti kynjanna. Á þessu stigi liggja ekki fyrir gögn sem sýna að breytingarnar muni hafa bein mismunandi áhrif á konur og karla. Við frekari vinnslu frumvarpsins verður lagt nánara mat á áhrif breytinganna á kynjahlutföll, starfsþróun og aðgengi að stjórnunar- og sérfræðistörfum innan lögreglunnar. 7. Áhrif á lýðheilsu.

Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Ekki er talið að frumvarpið hafi bein áhrif á menntakerfið eða rannsóknastarfsemi. Breytingarnar kunna þó óbeint að hafa áhrif á þróun sérhæfingar og þekkingaruppbyggingar innan lögreglunnar.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Fyrirhugaðar breytingar hafa ekki áhrif þar á.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Gildistaka breytinga er ekki háð umfangsmiklum breytingum á starfsemi og verklagi lögreglunnar, enda sé miðað við að starfsemin og starfsstöðvar haldist að mestu leyti óbreytt. Þá hafa embættin unnið undanfarin ár unnið að bættri þjónustu, með áherslu á innleiðingu stafrænna lausna fyrir verkefnin, og mun sú vinna halda áfram verði frumvarpið að lögum. Innleiðing breytinganna mun þó kalla á ákveðna aðlögun á stjórnsýslu, ábyrgðarskipan og verkferlum innan lögreglunnar á aðlögunartíma.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Engin áhrif.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Markmið frumvarpsins er að efla og styrkja lögregluna í heild og gera hana betur í stakk búna til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Stefnt er að því að fækka embættum úr níu í fjögur til fimm og þannig mynda stærri og sterkari liðsheildir og hagkvæmari rekstrareiningar. Svo lögreglan geti betur sinnt hlutverki sínu við að tryggja almannaoðryggi með ýmsum hætti, þ. á m. með útkallsþjónustu, rannsóknum sakamála og fyrirbyggjandi aðgerðum, ásamt því að takast á við ýmis alþjóðleg verkefni, svo sem skipulagða brotastarfsemi, netbrot og viðbrögð við fjölþáttaógnum, er miðað við að sú hagræðing sem kann að hljóta af sameiningunni verði varin í frekari uppbyggingu og framþróun löggæslu. Frumvarpið er ekki talið hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin. Við frekari vinnslu frumvarpsins verður lagt mat á hvort breytingar á starfsemi eða þjónustu geti haft óbein áhrif á sveitarfélög eða samstarf þeirra við lögreglu. Talið er að frumvarpið kunni að hafa jákvæð áhrif á jafnrétti og stöðu kynjanna þar sem stærri og öflugri lögregluembætti eru líklegri til að skapa tækifæri til starfsþróunar, sérhæfingar og framgangs innan sama embættis. Þannig geta breytingarnar stuðlað að því að halda betur í hæft starfsfólk í héraði og styrkt löggæslu utan stærstu þéttbýlissvæða með því að draga úr hvata til að flytjast yfir í stærri embætti til að þróast í starfi. Við frekari vinnslu frumvarpsins verður lagt nánar mat á áhrif breytinganna á jafnrétti kynjanna og starfsþróun innan lögreglunnar.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**